

# 336. fundur Skólanefndar FS

## 20. apríl 2016



**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Lovísa Guðjónsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Staðan og horfur.
2. Önnur mál.

### 1. Staðan og horfur.

Skólameistari sagði frá því að 219 nýnemar hafa sótt um skólavist næsta haust sem er svipað hlutfall og undanfarín ár en gera má ráð fyrir að nýnemar verði 240-50. Reikna má með að nemendur á haustönn verði um 900 í dagskóla. Skólinn er nú rekinn með halla enda hefur hann ekki fengið nægt rekstrarfé frekar en aðrir framhaldsskólar. Það er m.a. vegna þess að fjármagn til skólanna hefur ekki fylgt launahækkunum. Ljóst er að skera þarf niður kennslu á haustönninni ef fjárveitingar verða ekki auknar. Verið er að bjóða út rekstur mótuneytis og stefnt er að því að ganga frá samningum í vor. Skólinn fékk 5 milljóna styrk frá ráðuneyti til að vinna gegn brottfalli. Stefnt er að því að ráða sálfræðing í hlutastarf og verkefnisstjóra til að vinna með nemendum sem eru í brottfallshættu. Verið er að vinna að breytingum á stokkatöflu og er ætlunin að leggja stoðkerfið niður að mestu. Skólameistari sagði einnig frá vinnu við nýja námskrá en nú er verið að vinna í því að fá nokkrar námsbrautir samþykktar. Vinna við nýja námskrá í verknámi gengur hægt enda komir margir aðilar að þeirri vinnu.


ht  
gull  
FB  
Gull  
Klaun

## 2. Önnur mál.

a) Skólameistari dreifði nýrri reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum. Hann taldi margt jákvætt í reglugerðinni og margt sé skýrara en áður. Í framhaldinu verður skoðað hvaða áhrif þessar breytingar hafa á reglur og verkferla innan skólans.

b) Formaður nemendafélagsins sagði frá starfsemi félagsins sem setti m.a. upp leikrit í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur. Lið skólans stóðu sig með þryði í Gettu betur og Morfís. Þessa viku eru kosningar þar sem ný stjórn er kosin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.




Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Böðvar Jónsson



Pétur Brynjarsson



Gunnar Valdimarsson



Kristján Ásmundsson




Guðbjörg Kristmundsdóttir



Fanney D. Halldórsdóttir



Lovísa Guðjónsdóttir



Guðmann Kristþórsson, fundarritari